

Greinargerð með viðauka I við fjárhagsáætlun Höfða 2016

Framlagður viðauka I við fjárhagsáætlun Höfða fyrir árið 2016 er unninn upp úr drögum að viðauka sem lagður var fyrir stjórnarfund þann 30.maí sl.

Helstu frávík frá fjárhagsáætlun 2016 eru eftirfarandi:

Tekjuáætlun ársins er endurskoðuð í samræmi við nýgerðan rammásamning milli Sjúkratrygginga Íslands og hjúkrunarheimila um þjónustu hjúkrunarheimila. Eins og fram kom í greinargerð minni með fjárhagsáætlun 2016 þá var til staðar meiri óvissa en áður með daggjaldagreiðslur fjárlagafrumvarpsins þar sem ekki hafði verið gefið út áætlað hjúkrunardaggjald fyrir árið 2016 eins og gert hefur verið undanfarin ár. Slíkt var ekki gert heldur var áætlað í frumvarpinu á málaflokkinn í heild. Rökin fyrir breytingunni er að frá ársbyrjun 2015 er öll samningagerð um rekstur öldrunarstofnana hjá Sjúkratryggingum Íslands. Þó voru í fjárlagafrumvarpinu töflur um skiptingu á milli öldrunarstofnana sem byggir á reiknilíkani velferðarráðuneytisins. Daggjaldagreiðslur Höfða voru áætlaðar út frá upplýsingum sem þar komu fram. Áhrif í viðauka I nemur til hækkunar á tekjum um 17,5 mkr.

Þar sem búið er að semja við öll stéttarfélög starfsmanna Höfða var launaætlun 2016 endurreiknuð í heild sinni. Laun og launatengd gjöld hækka um 40,3 mkr. eftir þá endurskoðun. Inn í þeirri gjaldfærslu eru afturvirkar leiðréttingar á launum sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga upp á 8,5 mkr sem til falla á árinu 2015. Greiðslurnar höfðu ekki verið gjaldfærðar í ársreikningi 2015 þar sem þær lágu ekki fyrir við gerð hans.

Á bókhaldslykil 1690 „Aðrar launagreiðslur“ er áætluð tekjufærsla upp á 5,8 mkr. Á lykilinn var gjaldfærð sama upphæð á árinu 2015 vegna afturvirkra launaleiðréttingar starfsmanna sem tilheyra VLFA en komu til greiðslu á árinu 2016.

Launatengd gjöld án lífeyrisskuldbindinga hækka um 19 mkr. samhliða hækkun á launaliðum viðaukans. Þar af er hækkun á mótframlagi í lífeyrissjóð upp á 9,8 mkr. vegna áætlaðrar hækkunar á samtímagreiðslum í B-deild Brúar lífeyrissjóðs vegna yfirtöku ríkisins á lífeyrisskuldbindingum Höfða.

Breyting á áfallinni lífeyrisskuldbindingu milli ára fellur út þar sem fyrir liggur samkomulag um yfirtöku ríkisins og eignaraðila á lífeyrisskuldbindingu Höfða frá og með 1.1.2016, lækkun um 92 mkr.

Nettó breyting á launum og launatengdum gjöldum með lífeyrisskuldbindingum er lækkun um 38,5 mkr.

Viðhald húsnæðis hækkar um 4,6 mkr. vegna yfirstandandi breytinga á húsnæði heimilisins sem samþykkt af stjórn Höfða þann 29.9. sl. í tengslum við skipulagsbreytingar. Heildarkostnaður við breytingar er áætlaður kr. 15,4 mkr. Gjaldfærsla upp á 4,6 mkr. og eignfærsla upp á 10,8 mkr.

Vegna yfirtöku ríkisins og eignaraðila á lífeyrisskuldbindingum Höfða kemur til tekjufærslu upp á 985 mkr.

Viðauki I gerir ráð fyrir neikvæðri afkomu að fjárhæð 48,5 mkr. fyrir óreglulega liði en eftir óreglulega liði er afkoman jákvæð að fjárhæð 936 mkr.

Akranesi, 21.nóvember 2016

Kjartan Kjartansson
framkvæmdastjóri Höfða.